

Mál nr. 324/2014
M og
V vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins X.

Upphæð tjóns vegna áreksturs 29. maí 2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 24. október 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 4. nóvember 2014.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að árekstur hafi orðið með bifreið M og bifreiðinni X þann 29. maí 2014. Ekki sýnist vera ágreiningur um bótaskyldu þar sem V hefur viðurkennt greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X. Í málinu liggja fyrir upplýsingar um ástand bifreiðar M, áætlaðan viðgerðarkostnað, myndir af bifreiðinni og verðmöt. Í málskoti kemur fram að óskað sé eftir að nefndin úrskurði um fjárhæð tjónsins og vísar til þess að samkomulag sé um að nefndin úrskurði um það.

Í bréfi V dags. 4. nóvember sl. kemur hins vegar fram að V veiti ekki samþykki sitt fyrir umfjöllun nefndarinnar um bótafjárhæð.

Álit.

Í 1. mgr. 3. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum nr. 1090/2005 kemur fram að nefndin úrskurði „...um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og váttryggingafélags sem hefur starfsleyfi hér á landi“. Í 2. mgr. 3. gr. áðurnefndra samþykta kemur fram að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Slíkt samþykki er ekki fyrir hendi, sbr. yfirlýsingu í bréfi V frá 4. nóvember sl. Ekki hafa verið lagðar fram upplýsingar sem hnekkja því og verður því að vísa málinu frá með vísan til 2. mgr. 3. gr. áðurnefndra samþykta.

Niðurstaða:

Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd.

Reykjavík 25. nóvember 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.